

7.–8. nóvember í Hörpu

**Stjórnun
fiskveiða**

– svo miklu meira en kvóti

11.30 - Stefnumótun stjórnvalda á sviði sjávarútvegs – Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir Silfurberg B



HAMPIÐJAN



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

ICELANDAIR
CARGO

ISI ICELAND
SEAFOOD



marel

Pipar TBWA



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN

2024

Hvar erum við og hvert ætlum við

Stefnumótun er í grunninn ***hvar erum við og hvert viljum við komast*** núverandi staða metin, framtíðarsýn sett og besta leiðin til að ná henni valin.

Valkostirnir eru fleiri en reglusetning eða löggjöf, getur verið í formi verkefnis, upplýsingagjafar eða hvata.

Stefna getur m.a. komið fram í lögum, þingsályktunartillögum, samningum, sáttmálum, áherslum ráðuneyta og stofnana og sérstökum stefnuskjölum á ákveðnum málefnasviðum og í aðgerðaáætlunum.


Aukin áhersla á stefnumótun tengda fjármálum

Hver ráðherra setur fram stefnu fyrir þau málefnasvið og málaflokka sem hann ber ábyrgð á til eigi skemmri tíma en fimm ára. Í stefnunni skal lýsa áherslum og markmiðum, þ.m.t. gæða- og þjónustumarkmiðum, um fyrirkomulag, þróun og umbætur á þeirri starfsemi sem fellur undir viðkomandi málefnasvið. Í stefnunni skal gerð grein fyrir hvernig markmiðum verði náð, ábyrgðarskiptingu, tímasetningum, nýtingu fjármuna og áherslum við innkaup. Þá skal gerð grein fyrir fyrirhuguðum lagabreytingum.


Dæmi um kveikjur að stefnumótun

- Ný ríkisstjórn – stjórnarsáttmáli
- Nýjar rannsóknaniðurstöður
- Ný tækni
- Alþjóðlegar/svæðisbundnar skuldbindingar
- Ákall eftir breytingum frá greininni
- Álit frá Umboðsmanni Alþingis
- Skýrsla frá Ríkisendurskoðun
- Niðurstöður dómsstóla


Framlögð lagafrumvörp frá árinu 1990



200 lagafrumvörp á sviði sjávarútvegs frá 1990 eftir flutningsaðila



Flokkun eftir efnisatriðum



Ástæður þess að frumvörp eru ekki samþykkt

Erum með fiskveiðistjórnunarkerfi sem er fyrirmynd annarra þjóða –endurmat og aðlögun að breytingum án kollvörpunar er eðlilegur þáttur en eins og fram kom á glærunum á undan er það ekki svo að öll frumvörp verði að lögum.

- Efnisatriði í frumvörpum?
- Frumvörp í sinni endanlegu mynd eru oft pakkadíll
- Þingmannafrumvörp
- Pólítískar áherslur
- Skortur á samráði?

Úr áliti umboðsmanns Alþingis frá 30. september 2020 í máli nr. 9802/2018

Sem fyrr segir hefur athugun mín á þessu máli og öðrum á sviði fiskveiða að undanfögnu leitt til þess að ég hef staðnæmst við ýmis atriði er varða aðferðir við setningu laga og stjórnvaldsfyrirmæla sem hafa komið við sögu í þessum málum. Þannig hef ég til að mynda veitt því athygli að ítrekaðar lagabreytingar yfir langt árabil án þess að hugað sé að endurskoðun laga í heild geta orðið þess valdandi að óskýrt verði hver sé gildandi réttur.

Ég tel ástæðu til þess að vekja athygli ráðherra sjávarútvegsmála á tilvísanir til lagaheimilda í stjórnvaldsfyrirmælum sem hann og ráðuneyti hans gefa út um stjórn fiskveiða. Í því efni verði hugað að því í hvaða mæli megi gera þessar tilvísanir til laga nákvæmari með tilliti til þess hvaða lagaákvæði búi að baki.

Auðlindin okkar

Nýleg tilraun til víðtæks stefnumótunarferlis um ný heildarlög um sjávarútveg

- Þrjátíu manna samráðsnefnd með yfirsýn yfir starf fjögurra starfshópa.
- Samfélag, Aðgengi, Umgengni og Tækifæri. Starfshóparnir ræddu við 122 sérfræðinga og hagaðila frá meira en 50 stofnunum, fyrirtækjum og samtökum.
- Fjórir opnir fundir á landsbyggðinni, samtals sóttu um 400 manns opnu fundina og tæplega 5.000 manns fylgdust með fundunum í streymi.
- Drög að frumvarpi til nýrra heildarlaga um sjávarútveg voru birt í Samráðsgátt stjórnvalda þann 24. nóvember 2023 með umsagnarfresti til 17. janúar 2024. Alls bárust 95 umsagnir frá 86 aðilum. Samtals bárust 30 umsagnir frá einstaklingum, 15 umsagnir frá fyrirtækjum og útgerðum, 14 umsagnir frá sveitarfélögum, 6 umsagnir frá stofnunum og 21 umsögn frá félagasamtökum.

Hafið - Samræmd stefnumörkun um málefni hafsins

Grundvöllur stefnu Íslands í málefnum hafsins er að viðhalda heilbrigði hafsins og tryggja sjálfbæra nýtingu þess þannig að það geti áfram verið gjöful uppspretta heilnæmra afurða og verðmæta er standi undir hagsæld þjóðarinnar. Lagt er upp úr mikilvægi vísindalegra rannsókna og þekkingar sem grundvöll ábyrgrar stjórnunar og aðgerða í málefnum hafsins.

Áherslur Íslands og leiðir að markmiðum:


- Mengun hafsins og umhverfisbreytingar
- Lífríki hafsins og sjálfbær nýting
- Hafsbotninn, siglingar og ferðaþjónusta
- Þróunarsamvinna

Sjávarútvegsstefna til ársins 2040

Sjávarútvegsstefnu er ætlað að vera leiðbeinandi við ákvarðanatöku til að stuðla að hagkvæmri og sjálfbærri nýtingu sjávarauðlinda í sátt við umhverfi og samfélag. Mörg tækifæri eru í sjávarútvegi og mikilvægt að nýta þau með samræmdum aðgerðum. Tilgangur stefnunnar er að setja fram skýr og mælanleg markmið sem nýtast við ákvarðanatöku í sjávarútvegi og varða sjálfbæra nýtingu lifandi auðlinda hafsins.

Meginmarkmið stefnunnar byggist á þremur stoðum sjálfbærrar þróunar: umhverfi, efnahag og samfélagi. Sjálfbær nýting sjávarauðlinda felur í sér að nýting fari ekki umfram þau mörk sem náttúran setur. Markmið stefnunnar taka m.a. mið af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Sjálfbær nýting auðlinda vísar til þess að auðlind sé nýtt með þeim hætti að hún leiði ekki til langtíma hnignunar hennar.

Sjávarútvegurinn er kvik atvinnugrein




Að lokum

Opinber yfirlýst sjávarútvegsstefna stjórnvalda hefur ekki verið sett.

Hvar viljum við vera eftir 10 ár, 20 ár og jafnvel 50 ár?

Að ákveða hvernig við viljum að sjávarútvegur verði að þessum tíma liðnum er mikilvægt, markmiðasetning er nauðsynleg til að ná árangri og lyklatriði í stefnumótun.

Stjórnvöld sýna þannig spil sín og lýsa grunngildum sínum fyrir ákvarðanatöku framtíðarinnar og auka fyrirsjáanleika fyrir þá sem starfa innan greinarinnar, öllum til heilla.



7.–8. nóvember í Hörpu

Stjórnun fiskveiða

– svo miklu meira en kvóti

Takk fyrir mig

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir
Skrifstofustjóri sjávarútvegs í Matvælaráðuneytinu



HAMPIÐJAN



HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
REYKJAVÍK UNIVERSITY

ICELANDAIR
CARGO

ISI ICELAND
SEAFOOD



marel

Pipar TBWA



SJÁVARÚTVEGS
RÁÐSTEFNAN

2024